



SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Sveitarfélagið Stykkishólmur
b.t. Jakobs B. S. Jakobssonar, bæjarstjóra
Hafnargötu 3
340 Stykkishólmur

Snæfellsbær, 12. febrúar 2026

Tilv. bréfs 39803

Á fundi bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, þann 5. febrúar 2026, mætti Ingveldur Eypórsdóttir, forstöðumaður Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga og ræddi nefndir sem falla undir þjónustuna. Lagði hún til að velferðarnefndir sveitarfélaganna yrðu lagðar niður og stofnuð yrði ein velferðarnefnd fyrir svæðið sem færi undir stjórn Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar er fylgjandi tillögu Ingveldar og leggur það til við sveitarfélögin sem að Félags- og skólaþjónustunni standa að velferðarnefndir sveitarfélaganna verði færðar undir stjórn Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga..

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt
f.h. bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

